

2021

ÁRSSKÝRSLA



Vestfjarðastofa



Efnisyfirlit

Ávarp framkvæmdastjóra	3
Vestfjarðastofa	4
Fjórðungssamband Vestfirðinga (FV)	8
Starfsemi Vestfjarðastofu	10
Rekstur og hagsmunagæsla	11
Sóknaráætlun Vestfjarða	17
Atvinnuþróun	21
Byggðaðróun	28
Menningarmál	35
Markaðsstofa Vestfjarða	37



Ávarp framkvæmdastjóra

Árið 2021 var þrátt fyrir allt spennandi. Það var árið milli Covid aldauða og upprisu. Ár nokkurs konar biðstöðu. Búið að hlaða í byssurnar en lítið hægt að komast af stað þar sem óvissa var mikil. Covid óvissa, kosningarár til Alþingis og síðasta ár kjörtímabils sveitarstjórna.

Við á Vestfjarðastofu unnum að fjölmörgum verkefnum eins og oftast áður. Hagsmunagæsla, rekstur Sóknaráætlunar, Uppbyggingarsjóðs og áframhaldandi vinna við verkefni Brothættra byggða. Atvinnuþróunarverkefni tengdust mjög fiskeldi og vinnu með sjávarútvegsklasa og ferðapjónustu. Auk þess unnum við mikið með Bláma að verkefnum tengdum orkuskiptum í sjávarútvegi. Vestfjarðaleiðin var stærsta verkefnið í ferðapjónustunni og þar var hjólaferð Chris Burkhard stórt verkefni á árinu. Hápunkturinn var þó þegar Vestfirðir urðu efstir á lista yfir svæði til að heimsækja árið 2022 í árlegu vali ferðabókaútgefandans Lonely Planet fyrir lönd, svæði og borgir.

Nokkrir góðir áfangar náðust á árinu og margt að gerast á Vestfjörðum, til varð samfélagssáttmáli í fiskeldi og uppbygging fiskeldis hélt áfram af miklum krafti, ferðapjónustan að komast aðeins af stað, undirritaðir samningar um kalkþörungaverksmiðu í Súðavík og laxasláturhús í Bolungavík. Samgönguframkvæmdir héldu áfram á Dynjandisheiði og í Gufudalssveit. Útsýnispallurinn á Bolafjalli var settur upp á árinu og stórfamkvæmdir hófust í Sundahöfn á Ísafirði.

Enn er nokkuð í land með að Vestfirðir nái að vera samkeppnishæfir við aðra landshluta þegar kemur að stærstu innviðum. Mikilvægt er að niðurstaða fáiast í hina langdregnu og að virðist stundum endalaus baráttu okkar Vestfirðinga fyrir samkeppnishæfni grunngerð. Við sjáum til lands varðandi stór samgöngu- og fjarskiptamál ef marka má gildandi áætlanir sem mikilvægt er að staðið verði við.

Sveitarfélögin hafa þó ekki fjárhagslega getu til að takast á við þá uppbyggingu innviða sem nauðsynleg er og gríðarlega mikilvægt að tekjuskipting milli ríkis og sveitarfélaga verði sanngjarnari en nú er. Stærsta málið þar er að fiskeldissjóður verði lagður niður sem úthlutunarsjóður og gerður að tekjustofni sveitarfélaganna og komi allur til þeirra. Það er stærsta baráttumál ársins 2022.

Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir,
framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu





Vestfjarðastofa

Vestfjarðastofa ses. var stofnuð 1. desember 2017. Tilgangur Vestfjarðastofu er að vinna að hagsmunamálum íbúa, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á Vestfjörðum og veita samræmda og þverfaglega ráðgjöf og þjónustu tengda atvinnu- og byggðaðróun, frumkvöðlastarfsemi og menningu í viðum skilningi.

Markmið Vestfjarðastofu er að efla atvinnulíf á Vestfjörðum, stuðla að velferð íbúa og styrkja Vestfirði sem búsetukost og áfangastað ferðamanna. Markmiði sínu hyggst Vestfjarðastofa ná með öflugum samstarfi atvinnulífs, sveitarfélaga, ríkisvalds og stoðkerfis hins opinbera.

Stjórnarfundir og ársfundur


Ársfundur Vestfjarðastofu 2021 var haldinn á Reykhólum 2. júní.

Stjórn Vestfjarðastofu hélt 10 stjórnarfundir á árinu 2021. Fundargerðir allra funda má finna á heimasíðunni www.vestfirdir.is og einnig fundargerðir ársfundar auk fundargerða nefnda. Upplýsingar um fjármál og rekstur Vestfjarðastofu má einnig finna á heimasíðunni.

Upplýsingamiðlun

Í byrjun ársins 2021 hóf Vestfjarðastofa útgáfu mánaðarlegs fréttabréfs þar sem helstu viðfangsefni og fréttir mánaðarins eru dregnar saman á einn stað. Fréttum og upplýsingum hefur jafnframt verið miðlað á vefnum www.vestfirdir.is á árinu 2021. Vestfjarðastofa er einnig með Facebooksíðu og er þar miðlað fréttum og upplýsingum tengdri starfseminni. Í lok ársins 2021 voru komnir um 2800 fylgjendur.

Skipurit Vestfjarðastofu



Stjórn Vestfjarðastofu

Stjórn við árslok 2020

Af vettvangi sveitarstjórnarmála:

Jóhanna Ösp Einarsdóttir	Reykholahreppi - formaður
Daníel Jakobsson	Ísafjarðarbæ
Pórir Guðmundsson,	Ísafjarðarbæ
Iða Marsibil Jónsdóttir	Vesturbyggð
Kristján Jón Guðmundsson	Bolungarvíkurkaupstað

Frá atvinnulífi og menningu:

Elísabet Gunnarsdóttir	Háskólasetur Vestfjarða
Kristján G. Jóakimsson	HG
Aðalbjörg Óskarsdóttir	Kaupfélag Steingrímsfjarðar
Neil Shiran Þórisson	Arctic Fish

Starfsháttanefnd Vestfjarðastofu

Baldur Einarsson,	formaðu
Viktoría Rán Ólafsdóttir	
Guðrún Eggertsdóttir	

Aðilar Vestfjarðastofu og fulltrúar í fulltrúaráði

Arnarlax	Jón Garðar Jörundsson
3X Technology	Halldór Jónsson
Háskólastetur Vestfjarða	Peter Weiss
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	Sædís María Jónatansdóttir
Arna ehf	Óskar Örn Hálfánarson
Artic Sea Farm hf	Shiran Þórisson
Reykhólahreppur	Árný Huld Haraldsdóttir
Súðavíkurhreppur	Elsa G. Borgarsdóttir
Ísafjarðarbær	Þórir Guðmundsson
Strandabyggð	Ásta Þórisdóttir
Tálknafjarðarhreppur	Ólafur Þór Ólafsson
Bolungarvíkurkaupstaður	Kristján Jón Jónatansson
ThorVerk ehf	María Hildur Maack
Kerecis	Ásta María Sverrisdóttir
Vesturbyggð	Iðá Marsibil Jónsdóttir
Hótel Ísafjörður	Hólmfríður Vala Svavarsdóttir
Hraðfrystihúsið Gunnvör	Kristján G. Jóakimsson
Kaldrananeshreppur	Finnur Ólafsson
Marigor	Einar Sveinn Ólafsson
Íslenska kalkþörungafélagið	Halldór Halldórsson
Vesturferðir	Guðmundur Björn Eypórsson
Orkubú Vestfjarða	Elías Jónatansson
Kaupfélag Steingrímsfjarðar	Viktoría Ólafsdóttir
Byggðastofnun	Guðbjörg Óskarsdóttir
Kampi	Albert Haraldsson
Verkís	Jóhann Birkir Helgason
Árneshreppur	Eva Sigurbjörnsdóttir
Vallargata ehf.	Óttar Guðjónsson



Starfsfólk Vestfjarðastofu

Á Vestfjarðastofu starfar öflugur hópur sérfræðinga með djúpa þekkingu á atvinnulífi, menningu, umhverfi og samfélögum svæðisins. Meginstef í allri starfsemi Vestfjarðastofu er að efla Vestfirði og gæta hagsmuna svæðisins.

Frekar lítil starfsmannavelta er hjá Vestfjarðastofu en einn starfsmaður hætti störfum og annar bættist í hópinn á árinu. Lína Tryggvadóttir verkefnastjóri sem hóf störf hjá Fjórðungssambandi Vestfirðinga árið 2013 hvarf til nýrra verkefna í lok ársins. Vestfjarðastofa og Fjórðungssamband Vestfirðinga þakkar Línu vel unnin störf og óskar henni velfarnaðar í framtíðinni.

Magnús Þór Bjarnason er verkefnastjóri nýsköpunar- og fjárfestinga hjá Vestfjarðastofu til tveggja ára. Auk þess voru ráðnir tveir sumarstarfsmenn til Vestfjarðastofu sumarið 2021 þær Steinunn Ása Sigurðardóttir og Svanhildur Helgadóttir. Auður Steinberg var í tímabundnum verkefnum á markaðssviði í lok ársins. Þórkatla Soffía Ólafsdóttir var í fæðingarorlofi síðustu mánuði ársins 2021.

Við lok ársins 2021 voru starfsmenn 12 í 12 stöðugildum. Staðsetning í listanum hér fyrir neðan vísar til starfsstöðvar en allir starfsmenn sinna verkefnum á öllu starfssvæði Vestfjarðastofu.

Aðalsteinn Óskarsson - sviðsstjóri byggðasviðs	Ísafirði
Agnes Arnardóttir - verkefnastjóri	Þingeyri
Birna Jónasdóttir - verkefnastjóri	Ísafirði
Díana Jóhannsdóttir - sviðsstjóri atvinnusviðs	Ísafirði
Guðrún Anna Finnbogadóttir - verkefnastjóri	Patreksfirði
Magnús Þór Bjarnason - verkefnastjóri nýsköpunar og fjárfestinga	Ísafirði
Magnea Garðarsdóttir - verkefnastjóri	Ísafirði
Margrét Jóhanna Birkisdóttir - bókhald	Ísafirði
Sigríður Ó. Kristjánsdóttir - framkvæmdastjóri	Ísafirði
Sigurður Líndal Þórisson - verkefnastjóri	Hólmavík
Skúli Gautason - menningarfulltrúi og verkefnastjóri	Hólmavík
Þórkatla Soffía Ólafsdóttir - verkefnastjóri	Patreksfirði

Fjórðungssamband Vestfirðinga (FV)

Tvískipt 66. Fjórðungsþing Vestfirðinga var haldið í Reykhólahreppi (Hótel Bjarkarlundi) maí og á Ísafirði í október.

Á vorþingi var lögð fram og afgreidd ársskýrsla 2020, ársreikningur 2020 og endurskoðuð fjárhagsáætlun 2021. Fjárhagsnefnd sem er ný fastanefnd Fjórðungssambandsins vann tillögu að endurskoðaðri fjárhagsáætlun með sviðsstjóra byggðapróunar og framkvæmdastjóra og tillögu um samþykkt ársreiknings, þinggerð er að finna á heimasíðu FV¹.

Haustþing var haldið með samkomutakmörkunum, þannig var þingstaður á Ísafirði ekki opinn öðrum en þingfulltrúum, en til að mæta þessum takmörkunum var þingið sent út. Þingið var starfsamt, haldin var málstofa um viðfangsefnið „Velferð íbúa“ og í framhaldinu voru settar þrjár vinnustofur; um starf Vestfjarðastofu, um samkeppnishæfni Vestfjarða og aðgerðir stjórnvalda og um samstarf sveitarfélaga og þjónustu við íbúa. Þingið samþykkti ályktanir² um samgöngumál, fjarskipti, orkumál, um gjaldtöku í fiskeldi, sjálfbæra nýtingu staðbundinna nytjastofna og um samþættingu í barnaverndarmálum. Ávörp fluttu fyrsti þingmaður NV kjördæmis og sviðsstjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga. Fjárhagsáætlun og árstíllag 2022 sveitarfélaga var síðan afgreidd og samþykkt. Þinggerð þingsins er að finna á heimasíðu FV³.

Í stjórn Fjórðungssambandsins sitja eftirfarandi sveitarstjórnarfulltrúar:

Aðalmenn	Varamenn
Marzellíus Sveinbjörnsson, Ísafjarðarbæ	Daníel Jakobsson, Ísafjarðarbæ
Þórir Guðmundsson, Ísafjarðarbæ	Nanný Arna Guðmundsdóttir, Ísafjarðarbæ
Kristján Jón Guðmundsson, Bolungarvík	Samúel Kristjánsson, Súðavíkurbreppi
Iðla Marsibil Jónsdóttir, Vesturbyggð	Lilja Magnúsdóttir, Tálknafjarðarhreppi
Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Reykhólahreppi, formaður	Guðfinna Lára Hallvarðsdóttir, Strandabyggð

Upplýsingar um fulltrúa í nefndir á vegum Fjórðungssambandsins er að finna á heimsíðu FV⁴.

Hlutverk Fjórðungssambands Vestfirðinga eftir stofnun Vestfjarðastofu.

- Samkvæmt skipuriti er Fjórðungsþing æðsta vald í málefnum Vestfjarðastofu.
- FV gerir samninga við Vestfjarðastofu um rekstur skrifstofu og umsjón og framkvæmd sóknaráætlunar.
- Stjórn FV hefur eftirlitshlutverk með að Vestfjarðastofa uppfylli samningana.
- FV hefur hlutverk landshlutasamtaka í samskiptum við ríki og sem landshlutasamtök er FV sá aðili sem ríkið beinir erindum til sem varða fjórðunginn.
- FV er samstarfsvettvangur sveitarfélaga.
- Tilnefningar í stjórnir í nafni Fjórðungssambands Vestfirðinga.
- Stjórn fundar tvisvar á ári fyrir ársfundadag og Fjórðungsþing að hausti.

¹ thinggerd-66-fjordungsthings-2021-lokadrog.pdf (vestfirdir.is)

² <https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsting/66thing/Haust/samthykktar-alyktanir-uppfaert-66-fjordungsthings-haust-.pdf>

³ <https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsting/66thing/Haust/thinggerd-66-fjordungsthings-fv-haust-22-23-okt-2021.pdf>

⁴ Fjórðungssamband Vestfirðinga | Vestfjarðastofa (vestfirdir.is)

Hlutverk Vestfjarðastofu:

- a. Vestfjarðastofa er skrifstofa FV og annast rekstur skrifstofu og verkefna samkvæmt samningum við FV, Byggðastofnun, Ferðamálastofu og aðra sem samið verður við um slíkt.
- b. Starfsmenn koma fram fyrir hönd Vestfjarðafjarðastofu sem verður hinn almenni samnefnari fyrir byggða- og atvinnuþróunarmál Vestfjarða.
- c. Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri byggðasviðs Vestfjarðastofu hafa umsjón með þeim verkefnum sem tilheyra rekstri og umsýslu verkefna fyrir FV svo sem:
 - i. Umsagnir um frumvörp sem lögð eru fram á Alþingi. Umsagnir eru almennt gerðar í nafni Vestfjarðastofu f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga til að umboðskeðja sé skýr.
 - ii. Vinnu við sóknaráætlun landshlutans.
 - iii. Áhersluverkefni sóknaráætlunar.
 - iv. Uppbyggingarsjóður - rekstur og umsýsla.
 - v. Samskipti við önnur landshlutasamtök sem Vestfjarðastofa.
 - vi. Samskipti við starfsmenn stjórnarráðsins.
 - vii. Samskipti við sveitarstjórnarmenn á starfssvæði FV.
 - viii. Rekstur fastanefnda.

Sóknaráætlun Vestfjarða

Fjórðungssamband Vestfirðinga er samningsaðili við stjórnvöld vegna Sóknaráætlunar Vestfjarða en starfsfólk Vestfjarðastofu annast umsýslu Sóknaráætlunar samkvæmt samningi milli Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Sóknaráætlunir landshluta eru stefnumótandi áætlunir sem taka til starfssvæða landshlutasamtaka sveitarfélaga. Í þeim koma fram stöðumat viðkomandi landshluta, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir til að ná þeim markmiðum. Í Sóknaráætlunum landshluta er mælt fyrir um svæðisbundnar áherslur sem taka mið af menningarstefnu og, eftir atvikum, annarri opinberri stefnumótun.

Unnið var samkvæmt markmiðum Sóknaráætlunar Vestfjarða 2020-2024⁵ á starfsárinu en nánar er fjallað um það starf hér síðar í ársskýrslu Vestfjarðastofu og eins má kynna sér ársskýrslu Sóknaráætlunar Vestfjarða á heimasíðu Vestfjarðastofu⁶.

⁵ https://www.vestfiridir.is/static/files/Soknaraaetlun/vestfjardastofa_soknaraaetlun-2020-2024.pdf

⁶ <https://www.vestfiridir.is/static/files/Soknaraaetlun/greinagerd-soknaraaetlunar-2021.pdf>

Starfsemi Vestfjarðastofu

Starfsemi Vestfjarðastofu er skipt í 7 deildir. Starfsáætlun Vestfjarðastofu er unnin af starfsmönnum og stjórn og er birt í upphafi hvers árs. Í starfsáætlun eru áherslur hvers árs dregnar fram og þau verkefni sem unnið verður að á árinu. Deild 7 – almenningssamgöngur heldur eingöngu utan um vinnu fyrir FV sem tengist almenningssamgöngum og styrki sem sótt er um í nafni Vestfjarðastofu og renna til verkefna á sviði almenningssamgangna.


Mörg verkefni Vestfjarðastofu eru viðvarandi verkefni þar sem áherslur geta verið breytilegar milli ára en einnig eru áhersluverkefni Sóknaráætlunar oft framkvæmd af Vestfjarðastofu með samningum við Fjórðungssamband Vestfirðinga (FV).

Í ársskýrslu er gerð grein fyrir starfsemi hvers deildar og farið yfir árangursviðmið verkefna út frá starfsáætlun ársins 2021.

Í ársskýrslu er gerð grein fyrir starfsemi hvers deildar og farið yfir árangursviðmið verkefna út frá starfsáætlun ársins 2020.

Skipting launakostnaðar 2021 á deildir endurspeglar áherslur og fjármögnun verkefna.

Skipting launakostnaðar á deildir



Atvinnu- og byggðaðpröun er fjármögnuð með framlagi Byggðastofnunar til Fjórðungssambands Vestfirðinga og framkvæmd af Vestfjarðastofu samkvæmt samningi við Fjórðungssambandið. Byggðastofnun óskar eftir árangursmati út frá áherslum sem skiptast með öðrum hætti en deildaskipting Vestfjarðastofu. Skipting launakostnaðar hefur því einnig verið greind út frá óskum Byggðastofnunar með viðbótum Vestfjarðastofu þar sem önnur framlög eru einnig tekið inn í skiptinguna.

Rekstur og hagsmunagæsla

Árangursmat deildar

1= verkþáttur ekki unninn

2= verkþáttur hófst, tókst að einhverju leiti eða var frestað til næsta árs

3= verkþáttur/verkefni vannst að hluta - verkefni breyttist eða var sameinað öðru

4= verkþáttur/verkefni vannst að mestu leiti

5= verkþáttur/verkefni vannst að fullu

Rekstur skrifstofu og hagsmunagæsla	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Rekstur skrifstofu FV	Stjórnarfundir haldnir, fundargerðir birtar og málefnum komið í farveg						Boðun funda, uppsetning dagskrár og úrvinnsla gengið vel
	Endurskoðaðar samþykktir lagðar fyrir óó. Fjórðungsþing að vori						Samþykktir mótaðar með starfshóp, lagðar fyrir óó. Fjórðungsþing að hausti og málið afgreitt.
	Tengslaneti við landshlutasamtök og Samband íslenskra sveitarfélaga viðhaldið						Reglulegir fundir með landshlutasamtökum en ekki með Sambandi. Samtöl og símtöl við framkvæmdastjóra og sviðsstjóra Sambandsins eftir eðli verkefna hverju sinni.
	Skil á ársreikningum og ársskýrslum						Ársreikningum skilað á tilsettum tíma og kynntir fyrir sveitarfélögum, Jöfnunarsjóði og stofnaðilum
Tengsl við landshlutasamtök sveitarfélaga	Viðhald tengslanets framkvæmdastjóra landshlutasamtaka						Tengslanet framkvæmdastjóra virkt, mánaðarlegir fundir. Framkvæmdastjóri var fulltrúi landshlutasamtaka í stýrihópi stjórnarráðsins um byggðamál frá janúar-okt og sat mánaðarlega fundi þar einnig. Nokkrar sameiginlegar umsagnir um mál.
	Minnisblöð frá samráðsfundum						Fundargerðir ritaðar frá samráðsfundum.
	Samstarfsverkefni milli landshluta						Samstarf milli FV og SSV í C 9 verkefni. Einn fundur haldinn í samstarfi landshlutasamtaka í NV kjördæmi. Sumarfundur landshlutasamtaka og í aðdraganda landsþings. Sameiginlegur fundur landshlutasamtaka og þriggja ráðherra með yfirskriftina "Græn atvinnuþróun og nýsköpun um allt land".

Rekstur skrifstofu og hagsmunagæsla	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Fjórðungsþing og ársfundir	Fundir og þing haldnir						66. Fjórðungsþing að vori haldið í maí og að hausti í október.
	Efni og fréttir birt á vef og fylgt eftir með erindum sem beint er á Alþingi, ráðuneyti og stofnanir eftir efni máls						Ályktanir sendar á þingmenn, viðkomandi ráðuneyti og stofnanir. Fundarbeiðnir sendar í framhaldinu og jákvæð viðbrögð við því en vegna seinkunar á störfum Alþingis og skipan nýrrar ríkisstjórnar hafa fundir ekki verið haldnir.
Samskipti við Alþingi og ráðuneyti	Umsagnir um frumvörp og þingsályktanir						Um 20 umsagnir til Alþingis og eða í Samráðsgátt https://www.vestfiridir.is/is/verkefni/umsagnir
	Bætt tengslanet þingmanna (meira en NV kjördæmis) og í ráðuneytum						Vegna Covid19 hefur fundarröð líkt í janúar 2020 ekki verið endurtekin
	Tengsl við skrifstofustjóra málaflokka innan ráðuneyta						Nokkur tengsl við skrifstofustjóra í ANR einkum vegna málefna nýsköpunar, ferðaþjónustu og fiskeldis. Mikil tengsl við tengilið landshlutasamtaka í SRN
	Upplýsingar inn í áætlanir á Vestfjörðum						Upplýsingum m.a. komið inn í vinnu að Grænbók samgönguáætlunar og fjarskiptaáætlunar
	Gagnasöfn um þróun efnahags og byggðapróunar á Vestfjörðum birt á vef						Skýrslur birtar á vestfiridir.is s.s. um áhrif fiskeldis. Byggðastofnun hefur bætt verulega í með birtingar á hag og byggðapróun og það hefur verið látið nægja.
	Umsögn um endurskoðaða Byggðááætlun						Tillögu til þingsályktunar um byggðááætlun var dreift á lokadegi aukapings í júlí og kom því ekki til umfjöllunar. Tillagan verður endurflutt á næsta þingi.

Rekstur skrifstofu og hagsmunagæsla	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Samráðsvettvangur sveitarfélaga á Vestfjörðum	Fundir annan hvern mánuð, að mestu rafrænt						Fundir hafa verið reglulegir og hafa verið vel sóttir
	Virkur Facebook hópur sveitarstjórnarmanna						Facebook hópur til - ekki mjög virkur. Mjög einhliða - við setjum inn upplýsingar en mjög lítil virkni sveitarstjórnarmanna.
	Vettvangur nýttur til að fá inn sjónarmið og breytingar á samþykktum FV						Mjög lítil virkni og fáum afar lítið feedback.
	Vettvangur nýttur til að fá inn sjónarmið og ábendingar um starfsemi Vestfjarðastofu						Mjög lítil virkni og fáum afar lítið feedback.
Samgöngu- og fjarskiptanefnd	Fundað með samgöngustofnunum						Vegna Covid 19 voru ekki haldnir hefðb. Snertifundir. Fundir með Vegagerð um öryggisúttekt á vegum. Samtöl við ISAVIA svæðisstjóra
	Fylgjast með vinnu vegna þjóðvegs 60						Samtöl við viðkomandi sveitarfélög og Vegagerð. Verkefnið komust á áætlun í byrjun árs og hafa verið það út árið.
	Vinna með Vegagerðinni og sveitarfélögum að skipulagi almenningsamgangna á Vestfjörðum						Fundað með sveitarfélögum á norðanverðum Vestfjörðum og Vegagerð, fundir leiddu ekki til beinnar niðurstöðu þar sem ekki bárust svör frá Ísafjarðarbæ.
	Niðurgreiðslu flugfargjalda verði komið á						Loftbrúinni komið á í október 2020. Covid 19 hefur talsverð áhrif á notkun. Ábending um að sætaframboð sé takmarkað í flugi til Bíldudals því nýttist Loftbrúin ekki.
	Umsögn til Vegagerðarinnar um skipulag almenningsamgangna á Vestfjörðum						Vegagerðin hefur fundað reglulega með sveitarfélögum um skipulag og framkvæmd og líklega er ekki þörf á formlegri umsögn

Rekstur skrifstofu og hagsmunagæsla	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Vefur og samfélagsmiðlar VFS	Stefna í notkun vefs og samfélagsmiðla birt						Ekki verið birt opinberlega en sett fram í reglum inni verklagi á Teams
	Verklag innleitt						Verklag og reglur hafa verið settar inn á Teams varðandi innsetningu á efni og hvernig því er háttað
	Uppfærslur á vef						Bæði með innleiðingu á nýjum fitusum á heimasíðu og með markvissum aðgerðum til að hafa alltaf nýtt efni á heimasíðu og FB. Að birta eitthvað á hverjum degi á FB.
Gagnastjórnun og Teams	Námskeið í notkun Teams verði haldið						Ekki hefur verið haldið aftur sérstakt Teams námskeið síðan það var tekið í notkun. Ekki hefur verið þörf á því eins og er en skoða mætti það aftur seinna.
	Gert verði mat við lok árs 2021 á notkun Teams						Er í vinnslu
	Að gögn Vestfjarðastofu séu vistuð á réttan hátt.						Miðað við verklagsreglur í dag eru gögn vistuð eins og þeim ber.
	Verkefnistjóri verði búin að kynna sér Metadata og vistun gagna						Verkþáttur unnin
	Málaskrá Vestfjarðastofu innleidd						Unnið er að því að setja upp málaskrá í samvinnu með breytingu á vistun gagna. Er þetta í vinnslu enþá
Grænu skrefin	Við lok árs 2020 skal grænum skrefum 2 og 3 (af 4) vera lokið á öllum starfsstöðvum.						Ekki lokið
Starfsmannamál Vestfjarðastofu	Mannauðsstefna sem inniheldur m.a. jafnlaunastefnu verði lokið á árinu						Vinna við mannauðsstefnu komin af stað en ekki lokið.
	Starfsmannahandbók fullgerð						Kafli um verklag til staðar á Teams sem er ígildi starfsmannahandbókar.
	Kynnis- og árshátíðarferð farin						Starfsmannaferð farin í Grunnavík í ágúst, utanlandsferð ekki möguleg vegna Covid.
	Vikulegir starfsmannafundir haldnir						Vikulegir starfsmannafundir haldnir nánast alla mánudaga.
	Tveir funda- og fræðsludagar starfsfólks haldnir						Fræðslunámskeið fyrir flesta starfsmenn í samstarfi við Byggðastofnun og önnur landshlutasamtök

Covid faraldurinn stóð að mestu yfir allt árið 2021 þannig að fyrirkomulag funda og skipulagningu hagsmunagæslu var með svipuðum hætti og á árinu 2020 en þó með undantekningum og tókst að halda nokkra staðfundi. Þó má segja að nánast allir fundir við þingmenn og stofnanir hafi færst á rafrænt form.

Vikulegir fundir starfsmanna eru gagnlegir. Þeir eru haldnir í fjarfundi á mánudagsmorgnum og bera yfirskriftina „Vikubyrjun“. Þar fara starfsmenn yfir verkefni framundan og það sem gert var í vikunni á undan. Haldið er utan um þessa fundi í Trello. Auk vikulegra funda eru daglegir stuttir „hittingar“ starfsmanna á Teams, dagsbyrjun. Þeir eru hugsaðir sem örstutt „kaffispjall“ en auka tengsl starfsmanna sem eru dreifðir um alla Vestfirði og ýta undir samstarf og teymisvinnu. Þessum fundum sem komið var á í Covid hefur verið haldið áfram – eru ekki skylda en ef starfsfólk á þess kost að mæta á þessa „hittinga“ er hvatt til þess.

Framkvæmdastjóri og sviðstjóri byggðamála funda oftast vikulega með formanni stjórnar til að fara yfir helstu mál.

Samstarf við Samband sveitarfélaga og önnur landshlutasamtök er nokkuð mikið og gott að geta borið saman starfsemi og vinnulag. Sviðsstjóri byggðamála og framkvæmdastjóri skipta með sér verkum við að fara á sameiginlega fundi en áherslan hefur verið að sviðsstjóri beri meginþunga þess samstarfs sem lýtur að sveitarstjórnarstigi en framkvæmdastjóri hefur átt þau samskipti sem lúta að atvinnuþróun ásamt sviðstjóra atvinnumála.

Stjórnarfundir eru almennt mánaðarlega og hafa nær allir stjórnarfundir 2021 farið fram fjarfundi að undanskildum staðfundi í ágúst.

Samskipti við Alþingi og ráðuneyti

Færi formlegir fundir voru á árinu með ráðuneytum og nefndum Alþingis. Skýrist það meginhluta að kosningar voru til Alþingis og langur tími var tekinn til myndunar nýrrar ríkisstjórnar. Breytingar á málavíðum ráðuneyta og nýir ráðherrar urðu t.d. ekki ljós fyrr en í lok ársins. Hinsvegar var fundað var með nær öllum framboðum til Alþingis til að kynna málefni samfélaga og atvinnulífs.

Fundir með nefndum Alþingis:

Tveir fundir með fjárlaganefnd um fjármálaáætlun og um frumvarp til fjárlaga

Fundir með ráðuneytum og ráðherrum:

- | | |
|------------|--|
| 16.03.2021 | Fundur um Ferjuna Baldur með samgöngu- og sveitarstjórnaráðherra |
| 18.03.2021 | Undirritun samnings um áfangastaðastofu – Ferðamálaráðherra |
| 18.03.2021 | Fundur um Ferjuna Baldur með Umhverfis- og samgöngunefnd |
| 22.03.2021 | Samráðsfundur um gerð Grænbókar um samgöngumál – Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti |
| 08.04.2021 | Græn atvinnuþróun og nýsköpun um allt land – fundur landshlutasamtaka og ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála, ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar og umhverfis og auðlindamála. |
| 14.04.2021 | Fundur um stöðu fjarskipta – Undirbúningur að gerð Grænbókar um fjarskiptamál – Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti |

Umsagnir

Umsagnir um frumvörp sem lögð eru fyrir Alþingi er hluti af hagsmunagæslu landshlutans. Með opnun Samráðsgáttar stjórnvalda á árinu 2018 gafst aukið færi á að koma að sjónarmiðum og athugasemdum gagnvart drögum að frumvörpum, áætlunum eða reglugerðum frá stjórnvöldum. Efni umsagna nýtist síðan áfram þegar frumvörp eða tillaga að þingsályktunum eru lögð fram á Alþingi.

Tími leyfir ekki að umsagnir séu gerðar nema við allra mikilvægustu mál sem varða Vestfirði. Þá er sérstaklega horft til mála sem varða uppbyggingu innviða s.s. samgöngur, raforku og fjarskiptamál auk málefna sjávarútvegs, fiskeldis og ferðaþjónustu. Einnig er fylgst með málum sem tengjast náttúruvernd og umhverfismálum á fjölbreyttan hátt.

Umsagnir til Alþingis

- Umsögn, fjárlög 2022, frumvarp, des 2021
- Umsögn Grænbók, samgönguáætlunar, ágúst 2021
- Umsögn Grænbók, fjarskiptaáætlunar, ágúst 2021
- Umsögn þingsályktun um Álftafjarðargöng, maí 2021
- Umsögn, þingsályktun endursk laga fiskeldissjóð, maí 2021
- Umsögn, Þjóðgarður á Vestfjörðum (tillaga að auglýsingu), maí 2021
- Umsögn, endurskoðaða Landsskipulagsstefnu 2015–2026, apríl 2021
- Umsögn, þingsályktun um fjármálaáætlun 2022–2026, apríl 2021
- Umsögn, þingsályktun um flutning RARIK, mars 2021
- Umsögn, þingsályktun um stefnumörkun v. skemmtiferðaskipa, mars 2021
- Umsögn, þingsályktun um hagkvæmni strandflutninga, mars 2021
- Umsögn, frumvarp Þjóðferjuleiðir, mars 2021
- Umsögn, þingsályktun um innheimtuheimild sveitarfélaga á umhverfisgjaldi, febrúar 2021
- Umsögn, lagafrumvarp sameiningu áætlana samgönguráðuneytis, febrúar 2021
- Umsögn, þingsályktun um hátækniþrenslustöð fyrir sorp, febrúar 2021
- Umsögn, þingsályktun um rammaáætlun, febrúar 2021
- Umsögn, lagafrumvarp sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Veiðistjórn grásleppu, sandkola og hryggleysingja, febrúar 2021
- Umsögn, viðauki Landsskipulagsstefna 2015–2026, janúar 2021

Umsagnir í Samráðsgátt

- Umsögn, Samráðsgátt, Hvítbók um byggðamál, maí 2021
- Umsögn, Samráðsgátt, drög um breytingu raforkulaga m.a. sameining dreifveitna, febrúar 2021
- Umsögn, Samráðsgátt, Grænbók Byggðaáætlunar, janúar 2021

Vefur og samfélagsmiðlar

Upplýsingamiðlun Vestfjarðastofu fer að verulegu leiti fram á vef og samfélagsmiðlum. Helstu viðburðir og fréttir eru birtar á vef Vestfjarðastofu og þeim fréttum miðlað á facebook síðu Vestfjarðastofu sem í lok árs 2021 var með rúmlega 2800 fylgjendur. Auk aðalsíðu undir nafni Vestfjarðastofu heldur starfsfólk úti fjölmörgum hópum tengdum verkefnum og á þannig í markvissum samskiptum vegna t.d. umhverfisvottunar, ferðapjónustuverkefnum, matvælaframleiðendum og sveitarstjórnarmönnum á Vestfjörðum.

Fjórðungssamband Vestfirðinga hefur með samningi falið Vestfjarðastofu umsjón með framkvæmd Sóknaráætlunar Vestfjarða. Í því felst að annast alla umsýslu Sóknaráætlunar, samstarf við samráðsvettvang og úthlutunarnefnd uppbyggingarsjóðs, framkvæmd úthlutunar og samskipti við styrkþega. Vestfjarðastofa annast einnig umsjón með áhersluverkefnum Sóknaráætlunar.

Í Sóknaráætlun Vestfjarða 2020–2024, er unnið út frá fjórum lykilmálaflokkum og eru sett fram markmið og áhersluatriði í hverjum málaflokki. Flokkarnir eru:

- Atvinnuþróun og nýsköpun
- Samfélagi
- Umhverfi
- Menningu

Sóknaráætlun Vestfjarða er áætlað að stuðla að jákvæðri samfélagsþróun, treysta stöðir menningarlífs og auka samkeppnishæfi landshlutans og er það gert með því að setja fjármagn í Uppbyggingarsjóð Vestfjarða og fjármagn í áhersluverkefni ár hvert. Er þau valin út frá þeim forsendum sem sett eru fram í framtíðarsýn sem kemur fram í áætluninni.

Árið 2021 var um margt líkt og árið 2020 undir áhrifum heimsfaraldurs Covid19. Þó var meiri virkni í verkefnum sem styrkt voru af Uppbyggingarsjóði og í áhersluverkefnum, enda lögðust verkefni ársins 2021 saman við verkefni sem frestað var á árinu 2020. Stjórnvöld ákváðu einnig að draga ekki alfarið úr sértækum framlögum vegna heimsfaraldurs heldur veita 100 mkr umfram samninga við landshlutasamtök sveitarfélaga til verkefna Sóknaráætlana, en á árinu 2020 voru veittar 200 mkr í sama tilgangi.

Heildarframlög til Sóknaráætlunar Vestfjarða námu rúmlega 110mkr, sem að frádregnum rekstrakostnaði var skipt á milli áhersluverkefna og framlaga Uppbyggingarsjóðs. Í áhersluverkefnum var framhald af stuðningi við markaðssetningu ferðaþjónustu, atvinnulífs og samfélaga á Vestfjörðum og nýsköpunar og samfélagsmiðstöðvar.

Nýtt áhersluverkefni var sett af stað um gerð samfélagsáttmála sveitarfélaga í kring um þróun og uppbyggingu fiskeldis. Styrkir Uppbyggingarsjóðs gengu til fjölbreyttra verkefna á sviði menningar og atvinnuþróunar. Ferlum við mat og úthlutunstyrkja var breytt á árinu með starfi tveggja fagraða í menningu og nýsköpun og atvinnuþróun sem meta gæði umsókna fyrir úthlutunarnefnd. Þetta nýja fyrirkomulag gekk vel og er komið til að vera. Ný úthlutunarnefnd fjallaði einnig um stöðu Uppbyggingarsjóðs og hvernig hann gæti betur sinnt hlutverki sínu.

Á lokafundi í desember var samþykkt eftirfarandi bókun.

„Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða lýsir áhyggjum af því að fjármagn til Uppbyggingarsjóðs hafi ekki hækkað um margra ára skeið og endurspeglar ekki verðlagshækkunar og gefi ekki færi á neinni uppbyggingu til dæmis í menningarlífi svæðisins. Takmarkað fé til stofn- og rekstrarstyrkja gefur ekki færi á að nýjar menningarstofnanir, söfn eða sýningar geti orðið til eða að eðlileg þróun geti orðið í menningarlífi svæðisins“.

Árangursmat Sóknaráætlunar 2021

1= verkþáttur ekki unninn

2= verkþáttur hófst, tókst að einhverju leiti eða var frestað til næsta árs

3= verkþáttur/verkefni vannst að hluta - verkefni breyttist eða var sameinað öðru

4= verkþáttur/verkefni vannst að mestu leiti

5= verkþáttur/verkefni vannst að fullu

Sóknaráætlun	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Kynning á Sóknaráætlun	Fjöldi færslna á vefi og samfélagsmiðla						
	Virgni upplýsingasiðu fyrir áhersluverkefni						
Áhersluverkefni Sóknaráætlunar	Fjöldi og gæði tillagna um áhersluverkefni						Áhersluverkefni voru skilgreind til þriggja ára og ekki auglýst á árinu 2021 eftir nýjum tillögum
	Fjöldi áhersluverkefna						Áhersluverkefni skilgreind til þriggja ára. Öll verkefni í gangi og gerð grein fyrir framvindu þeirra á vef.
	Áhrif verkefna á markmið Sóknaráætlunar						Verkefni í samræmi við markmið Sóknaráætlunar, mælanleg markmið verða skoðuð við endurskoðun árið 2022
	Samskipti við framkvæmdaaðila						Samskipti gengu vel
	Verkefnum lokið						Flestum verkefnum var lokið innan tímamarka.
Samráðsvettvangur Sóknaráætlunar	Virgni fulltrúa á samskiptavettvangnum Betra Ísland						Samráðsvettvangur lítt virkur 2021 - áhersluverkefni ákveðin fyrir 2020-2022 árið 2020
	Mæting á fundi samráðsvettvangs						
Umsóknir og úthlutun úr Uppbyggingarsjóði 2021	Fjöldi umsókna						164 umsóknir í Uppbyggingarsjóð fyrir árið 2021
	Fjöldi veittra styrkja						58 styrkir veittir. Árangurshlutfall umsókna er því um 35%.
Samskipti og greiðslur úr Uppbyggingarsjóði	Niðurstöður árlegrar könnunar						Ekki var gerð könnun 2021
	Fjöldi lokinna verkefna						25 verkefnum var lokið að fullu á árinu 2021 af þeim sem úthlutað var fyrir það ár. Önnur eru með verklok síðar.

Sóknaráætlun	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Kynning á Uppbyggingarsjóði	A.m.k 4 kynningarfundir á ári varðandi Uppbyggingarsjóð						Þrjú kynningarfundir voru haldnir.
	Opið námskeið um gerð styrkumsókna						Opin námskeið voru haldin rafrænt.
	1-2 stærri samstarfsverkefni fyrirtækja á Vestfjörðum fá styrk úr Uppbyggingarsjóði Vestfjarða						Það eru verkefni sem kannski má segja að falli undir þetta, t.d. Skíðagöngubærinn Ísafjörður. Annars er ekki mikið um umsóknir sem fela í sér samstarf. Sérstaklega ekki frá fyrirtækjum.

Úthlutað var úr Uppbyggingarsjóði í desember 2021 fyrir árið 2022. Eftirfylgni styrkúthlutana er nokkuð tímafrekt verkefni. Gera þarf samninga við styrkþega, fara yfir framvindu- og lokaskýrslur og greiða út styrki. Starfsmenn Vestfjarðastofu annast vinnuna en útgreiðsla styrkja og annarra framlaga fer í gegnum reikninga Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Fyrirmyndarverkefni Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða 2021

Sýslið – miðstöð skapandi greina á Hólmavík

Hugmyndin með Sýslinu er að stofnsetja miðstöð skapandi greina í gamla sýslumannshúsinu á Hólmavík. Sýslið verkstöð er klæðskerasamuð lausn sem býður upp á fjölbætta þjónustu sem hefur skort á svæðinu. Sýslið verkstöð er rekið sem einkahlutafélag Ástu Þórisdóttur og Svans Kristjánssonar sem eru eigendur og íbúar hússins. Verkefnið getur haft mikil jákvæð áhrif á skapandi starf á svæðinu með fjölbreytilegri og vel útbúinni aðstöðu og rými fyrir hönnuði og listafólk sem munu auðga starfsemina og menningarlíf á svæðinu með sýningum og viðburðum.

Sýslið er að einnig að vinna að vefnum www.strandir.is.

Skjaldborg – hátíð íslenskra heimildarmynda

Skjaldborg hefur haldin síðan árið 2007. Skjaldborg frumsýnir íslenskar heimildamyndir, skoðar heimildamyndagerð á heimsvísu og skapar umræðu- og þróunarvettvang fyrir verkefni, leikstjóra og áhugafólk á Íslandi. Hátíðin er eini sérhæfði vettvangurinn fyrir íslenskar heimildamyndir hér á landi og má þess vegna segja að Skjaldborgarbiói á Patreksfirði sé orðið heimili íslenskra heimildamynda enda hjálpar umhverfið og fólknið á staðnum við að skapa aðstæður sem mynda einstaka stemningu og samveru sem verður til á hátíðinni.

Áhersluverkefni árið 2021 voru fimm með fjármögnun upp á 40 mkr.

Verkefnunum eru gerð skil á vefsíðu Vestfjarðastofu og í árlegri greinargerð Sóknaráætlunar Vestfjarða – tengill hér fyrir neðan og einnig á vef Vestfjarðastofu.

Nánara yfirlit verkefna er í árlegri greinargerð Sóknaráætlunar Vestfjarða fyrir árið 2021 má finna með að smella hér.

Áhersluverkefni árið 2020 voru fimm með fjármögnun upp á 31 mkr.

Verkefnunum eru gerð skil á vefsíðu Vestfjarðastofu og í árlegri greinargerð Sóknaráætlunar Vestfjarða – tengill hér fyrir neðan og einnig á vef Vestfjarðastofu.

Aukaframlag vegna Covid

Vegna þeirra aðstæðna sem sköpuðust vegna Covid 19 samþykkti Alþingi 200 milljóna króna aukafjárveitingu til Sóknaráætlana landshlutanna þann 30. mars 2020. Í hlut Vestfjarða komu 25,2 milljónir. Skilyrt var að fjármunum skyldi varið í verkefni sem væru atvinnuskapandi og/ eða stuðluðu að nýsköpun. Hver landshluti legði áherslu á þær atvinnugreinar sem orðið hafa fyrir mestum neikvæðum afleiðingum vegna Covid-19 faraldursins. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga ákvað auk þess að endurskilgreina nokkur verkefni sem ekki höfðu komist í framkvæmd á síðustu árum og nýta fjármagn þeirra verkefna sem mótframlag. Á fundi stjórnar þann 21. apríl

2020 var ákveðið að veita 19,8 mkr sem mótframlag og ákvæði þess efnis sett í viðaukasamning við samgöngu og sveitarstjórnarráðuneyti, nam því heildarfjármagn 45 mkr.

Nánara yfirlit verkefna er í árlegri greinargerð Sóknaaráætlunar Vestfjarða fyrir árið 2020 má finna með að smella hér.

Breytingar í atvinnulífi á Vestfjörðum vegna uppbyggingar fiskeldis og vegna áhrifa af samgönguframkvæmdum settu svip á vinnu tengda atvinnuþróun á árinu. Fiskeldi og vinna við að meta stöðuna skipaði stóran sess og Vestfjarðastofa var í samskiptum við fjölda hagaðila í greininni og afrakstur ársins er skýrsla KPMG „Greining á áhrifum fiskeldis á Vestfjörðum“. Auk þess var unnin viðhorfskönnun með Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri um fiskeldi og samgöngur.

Unnið var að samfélagssáttmála í fiskeldi sem fiskeldissveitarfélögin á Vestfjörðum undirrituðu um mitt ár.

Sjávarútvegsklassi Vestfjarða starfaði af krafti til að efla Vestfirskan sjávarútveg og eiga samtál um greinina. Fjöldi fyrirlesara mætti á fundi klasans og unnin var stefnumótun fyrir áframhaldandi starf klasans. Sjávarútvegsklasinn styrkti jafnframt háskólanema í gegnum verkefnið „Hafsjó af hugmyndum“.

Þörungar hafa skipað stóran sess í þróunarvinnu Vestfjarðastofu en ræktun þörunga er vaxandi grein í Evrópu sem hentar vel á Vestfjörðum. Sá hængur er þó á að regluverki um þörungarækt er ólokið og því eingöngu hægt að fá tilraunaleyfi.

Árangursmat deildar

1= verkbáttur ekki unninn

2= verkbáttur hófst, tókst að einhverju leiti eða var frestað til næsta árs

3= verkbáttur/verkefni vannst að hluta - verkefni breyttist eða var sameinað öðru

4= verkbáttur/verkefni vannst að mestu leiti

5= verkbáttur/verkefni vannst að fullu

Rekstur skrifstofu og hagsmunagæsla	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Samvinna Vestfjarðastofu og atvinnulífs á Vestfjörðum	Atvinnuráðgjafi sitji einn fund með hverju félagi.						
	Atvinnuráðgjafi haldi sameiginlegan ársfund samtakanna á Vestfjörðum.						Vegna Covid var lítið um stóra fundi.
	Miðlun upplýsinga til fyrirtækjanna í gegnum samtökin.						Upplýsingum miðlað á síður samtakanna.
	Komið á að minnsta kosti einu samstarfsverkefni samtaka fyrirtækja á Vestfjörðum og Vestfjarðastofu						Verkefni með samtökum fyrirtækja á sunnanverðum Vestfjörðum - hagsmunagæsla vegna Baldurs
Nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar	Yfirlit yfir Nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar á Vestfjörðum á vef Vestfjarðastofu.						
	Mat á nýtingu, áhrifum og árangri af nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvum á Vestfjörðum						
	Að minnsta kosti eitt sameiginlegt verkefni miðstöðvanna á ári.						
	Ein sameiginleg styrkumsókn í erlenda sjóði.						

Atvinnubröun og nýsköpun	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Vestfirðingar - almannatengsl	Miðlun á sögum fyrirtækja á Vestfjörðum						Verkefnið hluti af áhersluverkefninu "Sýnileiki Vestfjarða". N4 hefur tekið um 60 innsög þar sem sögum um menningu, samfélag og atvinnulíf á Vestfjörðum er miðlað.
	Kynningar á starfsfólki Vestfjarðastofu og sérhæfingu þeirra						Að einhverju leiti gert á yfirliti yfir starfsmenn Vestfjarðastofu.
	Sendar fréttatilkynningar						Sendar fréttatilkynningar m.a. vegna ályktana stjórnar Vestfjarðastofu, vegna viðurkenningar Lonely Planet, vegna útgáfu KPMG skýrslu, viðhorfskannana, fiskeldisfunda og vegna málefna Baldurs.
	Fleiri fréttir í fjölmiðlum tengdar Vestfjarðastofu og Fjórðungssambandi Vestfirðinga						
Fiskeldi á Vestfjörðum	Stefnumótunarskýrsla fyrir fiskeldi á Vestfjörðum						KPMG skýrsla uppfærð
	Samráðsfundnir haldnir						
	Aðgerðaáætlun mótuð í samstarfi við ríki, sveitarfélög og fyrirtæki						Mikil hagsmunagæsla vegna fiskeldissjóðs og leyfismála
	Að minnsta kosti eitt samstarfsverkefni fiskeldisfyrirtækja, þjónustuaðila og Vestfjarðastofu mótað á árinu 2021						Fiskeldisfundir á Patreksfirði og Ísafirði sem allir aðilar fiskeldis komu að.

Atvinnuþróun og nýsköpun	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Atvinnuþróun í samstarfi við sveitarfélög	Fjöldi funda með sveitarstjórnnum						Fundað með sveitarstjórnnum vegna samgönguáætlunar og fjallað um raforku og fjarskiptamál. Atvinnuþróun er rædd hér í samhengi
	Fjöldi samstarfsverkefna með sveitarfélögum						Unnið með Ísafjarðarbæ vegna Nýsköpunarbæjar, aðalskipulags ofl. Mánaðarlegir fundir með bæjarráði Ísafjarðarbæjar. Fundir með Reykhólahreppi vegna grænna iðngarða, fundað með Vesturbyggð vegna Vatneyrarverkefnis og Bíldudalsverkefnis. Upplýsingafundur með Kaldrananeshreppi. Unnið í verkefnum Brothættra byggða í Dýrafirði, á Ströndum og í Arneshreppi.
	Fjöldi umsókna í sjóði sem varða sveitarfélögin						Framkvæmdasjóður ferðamannastaða, Byggðaáætlun, Nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar
Fjárfestingatækifæri á Vestfjörðum	Tilbúnar aðgengilegar upplýsingar fyrir hugsanlega fjárfesta						Innlegg í skýrslu Íslandsstofu um Græna iðngarða. Ráðinn verkefnastjóri nýsköpunar og fjárfestinga
	Verkefni mótað með hliðsjón af vinnu með Íslandsstofu ofl.						Upplýsingar sendar í skýrslu um græna iðngarða sem Íslandsstofa tók saman. Fundir með Íslandsstofu um fjárfestingaverkfni, kynning fyrir starfsmenn Íslandsstofu um fjárfestingar. Fundir um fjárfestingasjóð með formanni Hvetjanda og Bláma. Fundað með ráðherra nýsköpunarmála, fjárfestingasjóði, lífeyrissjóði ofl

Atvinnuþróun og nýsköpun	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Betri og fleiri umsóknir frá Vestfjörðum	Verkefnið „Hugsum hærra“ fer af stað og skilar 3-5 góðum umsóknum inn í stærri sjóði og a.m.k. ein umsókn fær brautargengi.						Hugsum hærra var haldið og 5 þátttakendur frá Vestfjörðum. 3 umsóknir fóru inn í stærri sjóði sem afurð þess verkefnis og fengu tvær þeirra brautargengi.
	Að minnsta kosti eitt alþjóðlegt verkefni með þátttöku vestfirskra fyrirtækja						Dropi fékk góðan styrk úr Matvælasjóði til markaðssetningar erlendis.
	1-2 stærri samstarfsverkefni fyrirtækja á Vestfjörðum fái styrk úr Uppbyggingasjóði Vestfjarða						Verkefni t.d. Tengd Bláma sem teljast til samstarfsverkefna fyrirtækja
	15-20 minni umsóknir fari frá Vestfjörðum í sjóði aðra en Uppbyggingarsjóð og 5-6 verkefni fái brautargengi						T.d. umsóknir í Matvælasjóð, Lóu, Framkvæmdasjóð ferðamannastaða og Rannís leiddu til veittra styrkja á svæðið.
Hagnýting tækni í þágu staðbundinna fyrirtækja	Greining á stafrænum þörfum og stöðu fyrirtækja						Óbeint gegnum ferðapjónustuverkferni
	Að minnsta kosti eitt samstarfsverkefni fyrirtækja í verslun og þjónustu og eitt í framleiðslugreinum sem lýtur að eflingu stafrænnar stöðu og/eða vöruþróun.						Tengist ferðapjónustuverkefnum
Westfjords Food	Aukin vitund um matvæli frá Vestfjörðum						Útgefinn bæklingur í stafrænu formi um vestfirskan mat.
	Kynning á fjölbreyttum miðlum á Vestfirskri matvælaframleiðslu						
	Fleiri umsóknir frá Vestfirskum fyrirtækjum í Matvælasjóð						Stutt við fjölda fyrirtækja og frumkvöðla við gerð umsókna í Matvælasjóð
Samstarf við veitingaaðila	Samstarfsverkefni með að minnsta kosti 10 veitingaaðilum komið á á Vestfjörðum						6 fyrirtæki tóku þátt í verkefni.
Ráðgjöf til fyrirtækja og frumkvöðla	Fjöldi heimsókna og viðtala						
	Allt að 1700 klst. af einstaklingsviðtölum						

Atvinnuþróun og nýsköpun		Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Dari og þörungar	Samstarfsfundir með fyrirtækjum og verkefnishópur myndaður.							
	Vestfjarðastofa geti veitt upplýsingar varðandi ferla fyrir þaranytjar og umhverfiskröfur í þeirri grein							
	Skipulögð vöktun á vegum hins opinbera hafin							
	Starfshópur verði skipaður af hálfu sjávarútvegsráðherra um nýtingu þangs og þara samkvæmt ályktun 65. Fj.þings							
	Strandsvæðaskipulag fyrir Vestfirði liggja fyrir							Drög að tillögu verða kynnt í janúar 2022, sem er um hálfárs seinkun.
Klasi skapandi greina	Kortlagning unnin og miðlað							
	Klasi stofnaður og markmið og aðgerðaáætlun mótuð fyrir 2022							
Námskeið fyrir frumkvöðla	3 örnámskeið á hverjum stað með 3-5 þátttakendum í hvert sinn							
	Námskeið haldið fyrir fyrirtæki sem fá stuðning úr Uppbyggingarsjóði							
	Hæfnihringir nýttir fyrir frumkvöðlakonur							
	Ratsjain haldin og að minnsta kosti ó fyrirtæki ljúki verkefninu							Ratsjain gekk vel, þátttakendur tók flestir þátt allan tímann og lítið um afföll. Ekki náðist að hittast í persónu eins og til stóð vegna Covid og var því Ratsjain öll í fjarfundi.
	Hugsum hærra haldið og skili 3-5 umsóknum í sjóði							Ekki hafið
Sjávarútvegsklasi Vestfjarða	Stefna og verkáætlun klasans tilbúin í mars 2021							
	Að fyrirtækjum í klasanum fjölgi um minnst þrjú							Hefur fjölgað um eitt fyrirtæki
	Mánaðarlegir fundir haldnir							Haldnir 22 fundir á árinu á vegum klasans
Fyrirtækjakönnun	Niðurstöður fyrirtækjakönnunar kynntar á fundum							Fyrirtækjakönnun framkvæmd 2022
	Myndband með helstu niðurstöðum unnið							Fyrirtækjakönnun framkvæmd 2022
	Niðurstöður birtar á vef Vestfjarðastofu ásamt myndbandi							Fyrirtækjakönnun framkvæmd 2022

Framtíðarsýn í fiskeldi

Vestfjarðastofa boðaði í september til fundu undir yfirskriftinni „Framtíðarsýn í fiskeldi“. Tveir fundir voru haldnir, sá fyrri á Patreksfirði og sá síðari á Ísafirði þar sem hagaðilar, opinberir aðilar og íbúar komu saman til að kynna sér núverandi stöðu og framtíðarhorfur í fiskeldi á Vestfjörðum.

Samfélagssáttmáli í fiskeldi var kynntur af bæjarstjórum Vesturbyggðar á Patreksfirði og Ísafjarðarbæjar á Ísafirði, skýrsla KPMG um áhrif fiskeldis á Vestfjörðum var kynnt og farið yfir stöðu greinarinnar í dag. Fyrirtæki í fiskeldi og tengdum greinum kynntu sig, starfsemi sína og framtíðarsýn.

Fundirnir voru báðir vel sóttir og tókust vel.

Nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar

Í Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024 sem unnin var árið 2019 og birt í október það ár er mikil áhersla lögð á nýsköpun og einkum er þar beint sjónum að því að skapa vettvang fyrir nýsköpun með því að ýta undir starfsemi **nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðva** í sem flestum byggðakjörnum á Vestfjörðum.

Í áhersluverkefnum ársins 2021 voru því settar 7 milljónir til að styðja við starfandi miðstöðvar. Þær 7 milljónir og 2 milljónir af úthlutun sem Fjórðungssamband Vestfirðinga/Vestfjarðastofa fengu úr Byggingaráætlun árið 2018 voru sett saman í úthlutun til fjögurra starfandi miðstöðva sem alls fengu 3 milljónir hver. Þessar miðstöðvar eru:

- Djúpið í Bolungarvík – 2.000.000
- Blábankinn á Þingeyri – 2.000.000
- Flak á Patreksfirði – 3.000.000
- Hnyðja, Hólmavík – 2.000.000

Nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar skapa vettvang fyrir áhugaverða og skemmtilega viðburði og meðal þeirra eru Startup Westfjords.

Blábankinn á Þingeyri bauð í fjórða sinn til viðburðar sem hefur yfirskriftina Startup Westfjords. Startup Westfjords er nýsköpunar „hemill“ hjá Blábankanum fyrir frumkvöðla og skapara sem þora að fara í aðra átt. „Hemillinn“ var fyrir sprotafyrirtæki, teymi og einstaklinga með nýsköpunarverkefni á öllum stigum, hýst á Þingeyri. Verkefnið var stutt af öflugum fyrirtækjum auk stuðnings úr Uppbyggingasjóði Vestfjarða og sjóði Allra vatna til Dýrafjarðar.

Hugsum hærra

Í janúar fór fram viðskiptahraðallinn Hugsum hærra. Hraðallinn var samstarfsverkefni Senza, Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og Vestfjarðastofu. Hraðallinn var hugsaður fyrir starfandi fyrirtæki og var megin áhersla lögð á umsóknaskrif og fjárfestakynningar. Fimm teymi tóku þátt frá Vestfjörðum og eftir hraðalinn tók við eftirfylgni í þrjá mánuði þar sem þátttakendur fengu áframhaldandi aðstoð við verkefni sín.

Ratsjain

Landshlutasamtök sveitarfélaga á sjö svæðum í samstarfi við íslenska ferðaklasann unnu saman að Ratsjaini sem var sextán vikna verkefni eða verkfæri ætlað stjórnendum í ferðapjónustu og tengdum greinum sem vildu auka nýsköpunarhæfni sína, hraða mikilvægum breytingaferlum og öðlast aukna yfirsýn og getu til að þróa vörur og þjónustu.

Þátttakendur frá öllum landshlutum hittust á tveggja vikna fresti í sameiginlegum vinnustofum á netinu þar kynnt voru verkfæri og aðferðir til að efla fyrirtækin. Á milli sameiginlegu vinnustofanna voru haldnir svæðisbundnir heimafundir í umsjón landshlutasamtaka hvers landshluta.

Hæfnihringir kvenna

Hæfnihringir kvenna er samstarfsverkefni landshlutasamtakanna. Um var að ræða netfundi þar sem konur ræddu helstu áskoranir og verkefni sem þær eru að fást við. Markmiðið var að aðstoða þær við að komast yfir hindranir með því að styrkja færni þeirra, veita stuðning í formi fræðslu og hagnýtra tækja til eflingar ásamt því að efla tengslanet þeirra. Aðsókn var ágæt og góður hópur kvenna hófu leik í febrúar 2021.

Westfjords Food

Matvælaframleiðsla er ein meginstoð hins vestfirska hagkerfis ef horft er til stóru útflutningsgreinanna sjávarútvegs og laxeldis. Fjölmarga minni sprota matvælaframleiðenda má finna á svæðinu og á svæðinu eru fjölmörg tækifæri til enn meiri framleiðslu.

Matur og matarupplifun verður sífellt mikilvægari þáttur í upplifun ferðamanna á Íslandi og byggir verkefnið m.a. á þessum vaxandi áhuga fólks á því að vita um uppruna matvæla og að kynnast staðbundnum mat og matarvenjum. Markmiðið er að nýta matarauð Vestfjarða sem sóknarfæri, draga fram sérkenni og sérstöðu vestfirskra matvæla og hefðar og byggja upp sterka gæðaímynd um mat á Vestfjörðum.

Árið 2021 voru settar saman kynningar á smáframleiðendum matvæla þar sem kynntar voru gæðavörur framleiddar á Vestfjörðum og framleiðendur þeirra.

Umfangsmestu byggðapróunarverkefni Vestfjarðastofa tengjast verkefnum Brothættra byggða. Byggðapróunardeild skarast mjög við bæði atvinnuþróun og hagsmunagæslu sem vistuð er innan deildarinnar „rekstur skrifstofu“.

Árangursmat deildar

1= verkþáttur ekki unninn

2= verkþáttur hófst, tókst að einhverju leiti eða var frestað til næsta árs

3= verkþáttur/verkefni vannst að hluta - verkefni breyttist eða var sameinað öðru

4= verkþáttur/verkefni vannst að mestu leiti

5= verkþáttur/verkefni vannst að fullu

Byggðapróun	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Byggðaaætlun	Umsóknir fari frá Vestfjörðum í hverja þá aðgerð Byggðaaætlun auglýsir á árinu 2021						Samningar gerðir fyrir C9 (UAR) ferðaþjónusta og umhverfisvernd og C14 (MMR) safnaverkefni. Sett í hendur sveitarfélaga að senda inn umsóknir í A10 (SRN) (almenningssamgöngur)
	Fjöldi stöðugilda, hækkun framlaga til stofnana og varin störf						Fylgst með þróun mála en engar beinar aðgerðir. Málafnið kynnt framboðum til Alþingis.
	Tilkynningar til samstarfsaðila um verkefni						???
	Skil á umsögn í samráðsgátt og til Alþingis þegar þingsályktun um endurskoðaða Byggðaaætlun verður lögð fram						Tillögu til þingsályktunar um byggðaaætlun var dreift á lokadegi aukabings í júlí og kom því ekki til umfjöllunar. Tillagan verður endurflutt á næsta þingi.
Innviðaaætlun Vestfjarða 2021-2050	Skil á skýrslu, en skila köflum í þessari röð, jarðgangaáætlun, samgönguáætlun, raforkuáætlun og fjarskiptaáætlun						Jarðgangaáætlun, ákveðið að auka við með samfélagslegri greiningu. Fundað með sveitarfélögum um samgönguáætlun. Raforkuáætlun og fjarskiptaáætlun bíða. Sjónarmiðum komið að í umsögnum um Grænbók samgönguáætlunar og fjarskiptaáætlunar.

Byggðapróun	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Orkutengd verkefni	Fundir ráðgjafahóps Landsnets um uppbyggingu tengipunkts og flutningskerfis						Einn fundur var haldin en verkefnið mallar í takt við að hægt var á undirbúningi Hvalaárvirkjunar
	Samstarfsverkefnið Blámi komi til framkvæmda						Verkefninu komið í framkvæmd, framkvæmdastjóri, verkefnastjóri og rannsóknarstjóri ráðnir til starfa um mitt ár.
	Kynning á niðurstöðu Orkuspar fyrir Vestfirði gagnvart opinberum aðilum						Frestað til ráðstefnu í mars 2022, í samstarfi við Bláma
	Málþing um innviðamál 2021						Frestað til ráðstefnu í mars 2022, í samstarfi við Bláma
Samstarf sveitarfélaga á Vestfjörðum	Samstarf og teymisvinna við sveitarfélög formað í að minnsta kosti tveimur verkefnum						Verkefnið komst ekki á blað.
	Samfélags- og nýsköpunarmiðstöðvar verði starfræktar í öllum byggðakjörnum						AÓ þekkir ekki til málsins
	Fjölgun opinberra starfa						Ekki var farið í beina vinnu að þessu en óbeint kom það inn í umfjöllun um Umhverfissjóð fiskeldis, þ.e. að ekki væri stuðlað að uppbyggingu á Vestfjörðum. Málefnið var einnig rætt við framboð til Alþings.
	Umræða komin á um starfsaðstæður kjörinna fulltrúa						Sambandið hefur leitt þetta mál og sent erindi á sveitarfélögin. FV hefur ekki fylgt því eftir
	Samtal um hlutverk landshlutasamtaka innan svæðisins						Hugmyndin var að fylgja eftir skýrslu starfshóps sveitarstjórnarráðherra um endurkoðun á hlutverki landshlutasamtaka. Skýrslan kom út sem drög en hefur ekki verið fylgt eftir og verkefnið ekki komist á dagskrá. Er samt hluti af samtali um skipuriti VFS og breytingum á samþykktum FV.
Rannsóknarsetur umhverfisáhrifa á Norðurlóðum	Verkefni mótað og samstarfsyfirlýsing undirrituð						
	Fjármögnun verkefnis lokið til að minnsta kosti þriggja ára						

Byggðapróun	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Fjarheilbrigðisþjónusta - þróunarverkefni	Markviss uppbygging fjarheilbrigðisþjónustu hafin innan Vestfjarða						Verkefnið er áhugavert en náðist ekki af stað vegna annarra verkefna
	Reglulegt samtal við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða						Verkefnið er áhugavert en náðist ekki af stað vegna annarra verkefna
Brothættar byggðir í Árneshreppi - Áfram Árneshreppur	Framvinduskýrslur verkefna						Af 16 verkefnum sem hlutu styrk hafa fjórar lokaskýrslur borist.
	Fjármögnum verkefnum lokið						Fjórum styrktum verkefnum er lokið og sex önnur eru á lokametrunum. Önnur sex klárast vorið 2022.
	Verkefni framlengt						Verkefnið framlengt til ársloka 2022
	Svör við byggðakvóta, sauðfjárvóta og samgöngumálum						Svör hafa borist frá SSR og fundi komið á með FRN. Tilraunaverkefni um afléttingu G-reglu í F-reglu komið á veturinn 21/22. Styrkur fékkst úr Fjarskiptasjóði og þrífösun ásamt ljósleiðaravæðingu er hafin.
Brothættar byggðir í Dýrafirði - Öll vötn til Dýrafjarðar	Framvinduskýrslur verkefna						Af 13 verkefnum hafa 9 þegar skilað lokaskýrslu
	Fjármögnum verkefnum lokið						9 verkefnum er lokið
	Verkefni framlengt						Verkefni framlengt um 1 ár út 2022
Náttúruvernd og efling byggðar - C9 verkefni	Val á nýjum svæðum						Breiðafjörður valinn í samstarfi við SSV og UAR, einnig skoðað með Árneshrepp en ekki áhugi fyrir verkefninu þar.
	Verkefnahópur Vestfjarðastofu og sveitarfélaga stofnaður og hefur starfsemi í febrúar						Samingur við UAR og SSV staðfestur í október eftir viðræður frá í ágúst, skipað í verkefnisstjórn að hálfu FV í september. Verkefnisupphaf áætlað í desember þegar nýir ráðherrar hafa skipað fulltrúa í verkefnastjórn

Byggðapróun	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Almenningssamgöngur	Samningar við sveitarfélög gerðir						A10 verkefni. Samið við Vesturbyggð og Tálknafjarðarhrepp. Ísafjarðarbær hefur ekki lokið málinu. Strandir og Reykhólar eru áhugasöm en ekki gefist tími til að fylgja máli eftir
	Verkefni komin af stað						A10 verkefni. Samið við Vesturbyggð og Tálknafjarðarhrepp. Ísafjarðarbær hefur ekki lokið málinu. Strandir og Reykhólar eru áhugasöm en ekki gefist tími til að fylgja máli eftir
Brothættar byggðir á Ströndum - Sterkar Strandir	Framvinduskýrslur verkefna						Ekki hægt að klára þetta að fullu því verkefnið er enn í gangi, en skýrslugerð og frágangur verkefna er mjög viðunandi.
	Fjármögnuðum verkefnum lokið						Öllum styrktum verkefnum frá 2020 er lokið eða aflýst. Sumum styrktum verkefnum 2021 er lokið, en ár er ekki liðið frá úthlutun þar til í vor.
	Hafin undirbúningur að verkefnum sem skapa langtíma heilsársstörf, jafnt opinber störf og í einkageiranum						Undirbúningsvinna á ágætu róli.
Djóðskógar	Allavegana einn þjóðskógur stofnaður 2021 á Vestfjörðum.						
	1-2 ný störf í skógrækt á Vestfjörðum 2022.						
	Jafna kolefnissporið						
	Skógivaxinn fólksvangur með stigum 2030						
Vestfirðir 2035 - Sviðsmyndir	Mæting á kynningarfundir						Engir kynningarfundir haldnir
	Þátttaka sveitarfélaga						Engar upplýsingar um notkun sveitarfélaga á sviðsmyndum.
	Notkun sveitarfélaga á sviðsmyndum						Vestfjarðastofa hefur unnið með sviðsmyndirnar í að minnsta kosti tveimur úttektum - raforkuspá og félagshagfræðilega greiningu vegna jarðgangna

Umhverfissvottun

Verkefnið Umhverfissvottun var vistað hjá Náttúrustofu Vestfjarða (NAVE) allt árið 2020. NAVE hafði því umsjón með verkefninu og annast öflun gagna og kynningu á verkefninu.

Skipulag haf- og strandsvæða – Strandsvæðaskipulag Vestfjarða

Samkvæmt bráðabrigðaákvæði laga um skipulag haf- og strandsvæða (88/2018) er mælt fyrir um að fyrstu svæði sem unnið skal að verði strandsvæða Vestfjarða og Austfjarða. Svæðisráð Strandsvæðaskipulags Vestfjarða var skipað seint á árinu 2018 og fyrsti fundur ráðsins var haldinn í apríl 2019.

Á árinu 2021 var unnið úr gögnum sem safnað var á árinu 2020, unnin voru drög að umhverfismati áætlunarinnar og að greinargerð tillögu að strandsvæðaskipulagi á svæðinu frá Bjargtöngum að Straumnesi. Stefnt var að vinnufundum með sveitarstjórnnum á skipulagssvæðinu haustið 2021 en þeirri vinnu var frestað á meðan unnið var að myndun nýrrar ríkisstjórnar, enda varð að liggja fyrir hvort nýr ráðherra skipulagsmála myndi lögum samkvæmt vilja skipa nýtt svæðisráð. Niðurstaðan var að nýr formaður var skipaður undir lok ársins 2021 en skipan svæðisráðs hélst að öðru leyti óbreytt.

Af þessum sökum seinkaði vinnu svæðisráðsins um hátt í fjóra mánuði og frestast því útgáfa tillögu að strandsvæðaskipulagi til ársins 2022. Staða verkefnisins og nánari lýsing má finna á heimasíðu verkefnisins www.hafskipulag.is

Brothættar byggðir í Árneshreppi – Áfram Árneshreppur!

Unnið var áfram að verkefninu Áfram Árneshreppur! sem er undir hatti Brothættra byggða í samstarfi við Bygðastofnun.

Á íbúafundi um stöðu verkefnisins 17. ágúst 2020 var samþykkt veruleg áherslubreyting. Í henni fólst að verkefnisstjórn skyldi einbeita sér að því að styrkja innviði í sveitarfélaginu, samgöngumálum, orkumálum og fjarskiptamálum. Einnig þyrfti að vinna að styrkingu sjávarútvegs og auðvelda nýliðun í landbúnaði. Önnur mál væru í raun aukaatriði. Eftir þessari samþykkt hefur verkefnisstjórn unnið síðan.

Verzlunarfjlagið naut áfram rekstrarstyrks frá Bygðastofnun. Reksturinn hefur gengið vonum fram en verður væntanlega seint sjálfbær. Hins vegar skiptir miklu máli hversu vel Verzlunarfjlagið hefur fest sig í sessi sem miðpunktur og samkomustaður sveitarfélagsins.

Verkefnisstjóri kom að vinnu við umsókn í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða og fékkst styrkur þaðan upp á 2,5 mkr. til að hanna og framkvæma endurbætur við Norðurfjarðarhöfn með sérstakri áherslu á öryggi ferðamanna, en höfnin er afar vinsælt myndefni og hefur stundum staðið tæpt. Með þessari vinnu verða skilin milli vinnusvæðis og ferðamannasvæðis skerpt. Þeirri hönnun er lokið og í framhaldinu var sótt um 55 mkr. styrk til framkvæmda.

Unnið var að umsókn í verkefnið Ísland ljóstengt og þrýst á um lagningu ljósleiðara. Sú vinna skilaði ríkulegum árangri á vordögum 2021 með 46,5 mkr styrk til lagningar ljósleiðara og mun Orkubú Vestfjarða nýta samlegðaráhrif verkefnisins og leggja þriggja fasa jarðstreng í hreppinn. Þetta verkefni er afar mikilvægt fyrir hreppinn, en rafmagnsmál hafa hamlað uppbyggingu þar um árabíl. Lokið var við lagningu þriggja fasa rafstrengs yfir Trékyllisheiði og er þeim áfanga lokið með því að Djúpvík er nú tengd þriggja fasa rafmagni. Öll heiðin hefur nú verið lögð í jarðstreng svo raforkutruflanir af völdum veðurs á þeim slóðum ættu að heyra sögunni til. Vonir standa til þess að haldið verði áfram af fullum krafti alla leið í Norðurfjörð og Krossneslaug á árinu 2022.

Verkefnisstjóri vann að hugmyndum um lagningu hitaveitu úr Krossnesi í Norðurfjörð. Sótt var um styrk til Orkuseturs og fékkst 500.000 kr styrkur til að dæluþróa borholuna, uppfæra drög að lagningu hitaveitu, semja við landeigendur og stofna félag um hitaveituna. Í árslok hafði dæluþrófun verið lokið og vinna við uppfærslu á frumhönnun í gangi.

Þrýst hefur verið á um að færa Árneshrepp úr G-reglu Vegagerðarinnar í F-reglu, en við þá breytingu er einangrun Árneshrepps rofin frá áramótum til 20. mars og mokað tvisvar í viku að jafnaði. Í árslok var samþykkt að reyna þetta í tilraunaskyni veturinn 2021-2022. Vonir standa til þess að þetta fyrirkomulag verði til frambúðar.

Efnt var til samstarfs við Minjastofnun um nýtingu menningarminja, en til þess hafði fengist styrkur

úr ríkissjóði. Verkefnið fólst í skráningu og kortlagningu minja í hinum forna verslunarstað Kúvíkum.

Með því að smella hér er hlekkur á skýrslu Áfram Árneshrepps vegna ársins 2021.

Öll vötn til Dýrafjarðar

Öll vötn til Dýrafjarðar á Þingeyri er verkefni í samvinnu við Byggðastofnun undir verkefnaheitinu Brothættarbyggðir. Verkefnið hófst árið 2018. Verkefninu átti að ljúka í lok árs 2021 en Ísafjarðarbær sótti um framlengingu verkefnisins til Byggðastofnunar í ágúst 2021, í lok október samþykkti Byggðastofnun að framlengja verkefnið út árið 2022.

Verkefninu fylgir fjármagn sem m.a. ætlað er sem hvatning til athafna og ýmissa verkefna. Þessi hvatning er í formi styrkja. Árið 2021 var ein úthlutun sem skiptist niður á 13 verkefni. Heimsfaraldurinn hafði einnig áhrif á árið 2021, tafir urðu á framvindu verkefna þar sem í mörgum tilfellum þurfti að fresta verkefnum vegna allskonar hafta í þjóðfélaginu tengt faraldrinum. Illa gekk að halda íbúafund vegna samkomutakmarkana og tóks það ekki fyrir en langt var liðið á árið.

Framvinda verkefnisins helst í hendur við áhuga íbúanna til að framfylgja þeim markmiðum og verkefnaáætlun. Einu sinni á ári í það minnsta eru haldnir íbúafundir og farið yfir markmiðin, þar sem þau eru endurskoðuð, bætt við ef þurfa þykir og skoðað hvernig tekist hefur til.

Árið 2021 var mjög óvenjulegt ár að mörgu leyti, þar sem heimsfaraldur hefur haft veruleg áhrif á framvindu verkefnisins. Má þar fyrst nefna að ekki var unnt að halda íbúafund fyrir en langt var liðið á árið og mörgum verkefnum hefur þurft að fresta. Íbúafundur var haldinn 7. júní eftir margar ítrekaðar frestanir og bar það þess merki, var hann sá fámennasti hingað til. En þrátt fyrir þetta hefur verkefnið haldið áfram með aðeins breyttum aðferðum. Samskipti hafa að mestu farið fram rafrænt, sem hefur gengið vel, en slík samskipti hafa ekki hentað fyrir fjölmenna íbúafundi. Mörg verkefni eru í gangi, mislangt á veg komin og sumum þeirra er lokið. Allt eru þetta verkefni sem hafa þýðingu fyrir samfélagið á Þingeyri og í Dýrafirði.

Í tilefni þess að framlenging var samþykkt var ákveðið að fara í greiningarvinnu og gera stöðumat á verkefninu meðal íbúanna. Einnig var tilgangurinn að fá fram hvaða sóknarfæri til framtíðar íbúarnir sjá fyrir sér, hvar þau liggja og hvernig hægt væri að vinna að þeim. Aðferðafræðin sem beitt var í þessari greiningarvinnu var að boða til rýnihópaviðtala meðal íbúa, til að fá þeirra viðhorf til verkefnisins og mat þeirra á framvindu þess. Alls voru fimm rýnihópaviðtöl tekin við fulltrúa íbúa í Dýrafirði auk fulltrúa í verkefnisstjórninni, alls um 40 íbúar.

Niðurstöður rýnihópaviðtalanna má segja að hafi verið í heild sinni einkar jákvæðar og veki bjartsýni um að markmiðum verkefnisins verði náð og að samfélagið færir nær þeirri framtíðarsýn sem íbúar settu fram í upphafi verkefnisins.

Með því að smella hér má sjá nánar um niðurstöður rýnihópaviðtalanna.

Frá upphafi verkefnisins 2018 hafa 68 verkefni verið styrkt að upphæð rúmlega 34,5 milljónir. Verkefnisstjóri hefur einnig aðstoðað íbúa svæðisins við að sækja um styrki í aðra samkeppnisjóði og hefur umsóknum frá svæðinu í slíka sjóði fjölgað mikið. Þó nokkur verkefni hafa fengið styrk úr þessum samkeppnisjóðum. Með því hefur nýtt fjármagn komið inn á svæðið til atvinnuuppbyggjandi verkefna, sem sennilega hefðu ekki komið að öðrum kosti. Nokkur þessara verkefna gætu skilað auknum störfum inn á svæðið þegar fram líða stundir. Má segja að það sé ein birtingarmynd þess hvernig verkefnið hefur gengið fram til þessa, þrátt fyrir heimsfaraldur og frestun einstakra verkefna.

Hugur er í fólki og mikill vilji fyrir því að efla samfélagið og vinna að fjölbreyttu atvinnulífi. Stóru málín eru húsnæðis- og skipulagsmál, mjög mikilvægt er að flyta aðalskipulagsvinnu og deiliskipuleggja lóðir fyrir nýbyggingar eins og auðið er. Verkefnisstjóri hefur unnið í þessum málum frá byrjun með dyggri aðstoð íbúasamtakana. Verkefnisstjóri hefur átt í miklu og góðu sambandi við íbúana, einnig má segja að áhugi íbúanna sé þó nokkur gagnvart verkefninu. Kom það rækilega fram í rýnihópaviðtölunum sem haldin voru í lok ársins.

Stemningin í byggðalaginu er góð, bjartsýni ríkir í atvinnumálum, sem má kannski að einhverju leiti rekja til uppgangs í fiskeldi á svæðinu. Samt sem áður eru íbúarnir meðvitaðir um það að fjölbreytt atvinnulíf er eitt af forsendum búsetu og fjölbreytni samfélagsins.

Þegar á heildina er litið hefur verkefnið stuðlað að því að aukið fjármagn hefur komið inn í samfélagið og fjölbreytt aðstoð við íbúana átt sér stað, sem nýst hefur til samfélags- og atvinnuuppbyggingar.

Tíminn verður síðan að leiða í ljós hversu mikið kemur út úr verkefni sem þessu.

Með því að smella hér er hlekkur á ársskýrslu Allra vatna til Dýrafjarðar 2021.

Brothættar byggðir í Strandabyggð – Sterkar Strandir

Verkefnisstjóri Sterkra Stranda hóf störf þann 1. júní 2020 og hefur því heimsfaraldur sett mark sitt á heimsbyggðina alla, og verkefnið þar með, allan verkefnistímann Segja má að verkefnið hafi farið hægar af stað en ella, en sé nú að komast á fullt skrið. Íbúar eru stöðugt betur að átta sig á þeim tækifærum sem í verkefninu felast og aukinn kraftur er að færast í verkefnið.

Meginmarkmið verkefnisins er að stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og í sveitum landsins. Verkefnið er ætlað viðkomandi byggðarlögum til að nýta sóknarfæri, einkum þau sem byggja á sérstöðu þeirra. Sérstaða verkefnisins er m.a. fólgin í virkri þátttöku íbúa og víðtæku samstarfi stjórnkerfis og stoðstofnana við viðkomandi samfélag. Í hverju verkefni, það er hverri brothættari byggð, er mótuð skýr framtíðarsýn, markmið og verkefnastofn og unnið samkvæmt áfangaskiptu verklagi Brothættra byggða.

Með því að smella hér er hlekkur á ársskýrslu Sterkra Stranda 2021.

Orkutengd verkefni

Orkumálaráðherra skipaði í júní 2021 starfshóp um orkumál á Vestfjörðum, sem falið var að skoða í samhengi flutningsmála raforku, dreifikerfi, orkuvinnslu, orkuskipti og afhendingaröryggi á Vestfjörðum. Fulltrúar í starfshópnum voru auk formanns, frá ráðuneytinu, Landneti, Orkubúi Vestfjarða, Orkustofnun og Fjórðungssambandi Vestfirðinga/Vestfjarðastofu.

Að hálfu Fjórðungssambands og Vestfjarðastofu var lögð áhersla á að starfshópurinn hraðaði vinnu sinni og nýtti þau víðtæku gögn sem unnin hafa verið á síðasta ártug að hálfu annarra starfshópa og á vettvangi aðila sem eiga aðild að starfshópnum. En á vegum Fjórðungssambands var það m.a. raforkuspá fyrir Vestfirði, vinna að úttekt á flutningskerfi raforku, greining smávirðjanakosta og umsagnir um Kerfisáætlun.

Vinna starfshópsins hófst að aflokum sumarleyfum og gekk vel, eins þegar nýr ráðherra málaflokksins kom til starfa þá studdi hann strax við vinnu starfshópsins. Í lok árs 2021 er því útlit fyrir að starfshópurinn muni geta skilað á fyrri hluta árs 2022 áfangaskýrslu um aðgerðir í orkumálum á Vestfjörðum.

Biðstaða var í verkefni er lýtur að undirbúningi hringtengingu flutningskerfis á Vestfjörðum með þátttöku í verkefnaráði Landsnets „Ísafjarðardjúpi nýr afhendingarstaður“.

Beðið var afgreiðslu Alþingis á þingsályktun um Rammaáætlun 3 á vorþing 2021 en í þriðja sinn á frá árin 2016 frestaði Alþingi afgreiðslu málsins, því fékkst ekki niðurstaða á tillögum í nýtingarflokki fyrir stækkun Hvalárvirkjunar úr 35 í 55 MW né tillögu um Austurgilsvirkjun. Samráð var við verkefnastjórn fyrir Rammaáætlun 4 um mitt ár 2021 en umboð þeirrar verkefnisstjórnar rann út í lok ársins og biður nýs ráðherra að endurskipa í verkefnisstjórn og leggja fram að nýju þingsályktun um Rammaáætlun 3.

Tillögugerð um hringtenging flutningskerfis á sunnanverðum Vestfjörðum var áfram í vinnslu hjá Landneti og eins aðgerð varðandi yfirbyggingu tengivirkis í Breiðadal sem hluta af styrkingu flutningskerfis raforku á norðanverðum Vestfjörðum.

Landnet vann tvær áhugaverðar skýrslur á árinu 2021 um raforkumál á Vestfjörðum varðandi afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum. Skýrslurnar styrkja röksemdir og hagræn áhrif af flýtingu á uppbyggingu flutningskerfis raforku á Vestfjörðum. Nýttust þær í tillögu að Kerfisáætlun 2021-2030 og í vinnu framangreinds starfshóps.

Blámi

Í lok ársins 2020 var skrifað undir samning um samstarfsverkefnið Bláma sem er samstarfsverkefni Vestfjarðastofu, Orkubús Vestfjarða og Landsvirkjunar. Verkefnið er áhersluverkefni Sóknar-áætlunar Vestfjarða til þriggja ára.

Þorsteinn Músson var ráðinn framkvæmdastjóri Bláma og hóf störf í maí 2021. Blámi tók til starfa af miklum krafti og hefur meðal annars unnið skýrslu um orkuskipti fóðurpramma, fengið styrki til nýrra verkefna og stofnað samstarfshóp sem vinnur að orkuskiptum í sjávertengdri starfsemi.

Menningarmál

Á sviði menningarmála felast verkefni að miklu leyti í ráðgjöf vegna styrkja Uppbyggingarsjóðs bæði fyrir og eftir styrkveitingar. Kynningarfundir voru haldnir í tengslum við úthlutun úr Uppbyggingarsjóði víðsvegar um Vestfirði auk þess sem menningarfulltrúi og aðrir starfsmenn Vestfjarðastofu veittu ráðgjöf við gerð styrkumsókna. Menningarfulltrúi hefur lagt sig fram við að halda sambandi við styrkþega og fylgjast með stöðu verkefna á menningarsviðinu.

Mennta- og menningarmálaráðherra boðaði til samráðsfunda með helstu fulltrúum menningarlífsins á landinu öllu til að bregðast við stöðu menningarmála í heimsfaraldri. Menningarfulltrúi sat þessa fundi og lagði til að samtal af þessu tagi færi fram reglulega auk þess að þrýsta á um fjárhagslegan stuðning ríkisins við listamenn sem skyndilega misstu alla innkomu sína vegna takmarkana.

Haldið var áfram með röð fjárfunda þar sem öllum á Vestfjörðum sem skilgreindu sig í menningargeiranum var boðin þátttaka. Umræðuefni fundanna var fjölbreytilegt þó yfirmarkmið þeirra hafi verið að stappa stálinu í fólk í faraldrinum og gefa fólk vettvang til að skiptast á góðum ráðum. Þessir fundir tókust vel og var almenn ánægja með þetta framtak.

Unnin var ítarleg samantekt um stöðu safnamála á Vestfjörðum með sérstakri áherslu á möguleika á auknu samstarfi og hugsanlegum sameiningum safna. Rætt var við aðstandendur allra safna og setra og reynt að greina möguleika til framþróunar. Skýrsluna má finna með því að smella hér.

Menningarfulltrúi tók þátt í endurskoðun byggðaaætlunar og lagði áherslu á að áætlunum um ábyrgðarsöfn fylgdi fjármagn, sbr niðurstöður safnaskýrslu hér að ofan.

Samstarf menningarfulltrúa landshlutanna var eft í faraldrinum, enda sjaldan brýnni ástæða til að skiptast á reynslu og aðferðum til að takast á við sérstakar aðstæður. Áfram er unnið að því að bæta umsóknargátt Uppbyggingarsjóðs þó erfitt sé að fá fjármagn til að klára hana þannig að sómi sé að.

Árangursmat deildar

1= verkþáttur ekki unninn

2= verkþáttur hófst, tókst að einhverju leiti eða var frestað til næsta árs

3= verkþáttur/verkefni vannst að hluta - verkefni breyttist eða var sameinað öðru

4= verkþáttur/verkefni vannst að mestu leiti

5= verkþáttur/verkefni vannst að fullu

Menning	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Menningarráð 2021	8 fundir stjórnar menningarráðs yfir vetrartímann						Stjórnin varð óstarfhæf vegna Covid og brottflutnings.
	2 stórfundir menningar á árinu opnir öllu menningarlífinu						Einn fundur var haldinn í tengslum við samstarfs safna, sjá f. neðan.
Klasi skapandi greina	Kortlagning og greining á umfangi skapandi greina á Vestfjörðum						Frestast til 2022
	Áætlun um stofnun klasa skapandi greina						Frestast til 2022
Barnmenningarhátíð á Vestfjörðum	Niðurstaða frumkönnunar um hvort unnið skuli að barnmenningarhátíð árið 2022						Undirbúningur er hafinn að myndun starfshóps um Barnmenningarhátíð á Vestfjörðum haustið 2022

Menning	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Efling menningarhúsa	Drög að þríliða samningi um rekstur Edinborgarhússins						Viðræður hafa farið fram milli Edinborgarhússins, Ísafjarðarbæjar og MRN. Óvíst með framhaldið
Þjóðleikur á Vestfjörðum	Vestfirskum leikhópum sem taka þátt í Þjóðleik fjölgi um tvo árið 2021						Þjóðleik var frestað til 2022 vegna Covid
Fundir með sveitarfélögum	9 fundir með sveitarstjórnnum allra sveitarfélaga á Vestfjörðum						Frestast til 2022 vegna Covid. Verða haldnir þegar nýjar sveitarstjórnir hafa tekið til starfa.
	Greinargerð um stöðu mála í hverju sveitarfélagi						Frestast til 2022 vegna Covid.
Samstarf menningarfulltrúa	Þátttaka í fundum menningarfulltrúa landshlutanna						Samstarf milli menningarfulltrúa landshlutanna hefur farið vaxandi.
Samstarf safna á Vestfjörðum	Skýrsla um niðurstöður vinnunnar og tillögur um breytingar.						Skýrslu hefur verið skilað til MRN eftir að hafa verið kynnt fyrir fulltrúum safna og setra á Vestfjörðum
	Heildarsýn yfir starfsemi safna og setra á Vestfjörðum						Í fylgiskjali með skýrslunni er yfirlit yfir öll söfn, sýningar og setur á Vestfjörðum.
	Mat á samstarfs- og sameiningarmöguleikum innan fjórðungsins						Í skýrslunni eru reifaðir samstarfsmöguleikar milli safna, sýninga og setra á Vestfjörðum

Ein stærsta frétt ársins af vestfirskri ferðapjónustu er án efa tilkynning Lonely Planet um að Vestfirðir séu efstir á lista yfir svæði til að heimsækja árið 2022 í árlegu vali ferðabókaútgefandans yfir lönd, svæði og borgir til að heimsækja, eða svokölluð „Best in Travel“ viðurkenning.

Á hverju ári tilnefna ferðaríthöfundar, bloggarar og starfsfólk Lonely Planet staði fyrir Best in Travel listann og sá listi fer síðan fyrir dómnefnd sem fær það hlutverk að velja 10 staði sem skara frammúr. Hver staður sem er valinn er einstakur, býr yfir ákveðnum „Vá faktor“ og hefur lagt sitt af mörkum til framþróunar sjálfbærrar ferðapjónustu.

Í raun má segja að viðurkenning Lonely Planet sé uppskera eftir margra ára starf. Þessi viðurkenning kemur vegna mikillar vinnu sem oft á tíðum er ósýnileg og fæstir vita af. Þetta er vinnan við að taka á móti blaðamönnum, rithöfundum ferðabóka, útsendurum ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda.

Val Lonely Planet mun beina kastljósi heimsbyggðarinnar að Vestfjörðum sem mun reynast mikil lyftistöng fyrir ferðapjónustuna á svæðinu og Íslandi almennt.

Í apríl undirrituðu Vestfjarðastofa og Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra samning um stofnun Áfangastaðastofu Vestfjarða. Áfangastaðastofa er svæðisbundin þjónustueining á vegum opinberra aðila og einkaaðila sem hefur það meginhlutverk að styðja við ferðapjónustu í viðkomandi landshluta og tryggja að hún þróist í takt við vilja heimamanna þar sem sjálfbærni er höfð að leiðarljósi.

Á árinu gerði Vestfjarðastofa samning við Íslandsstofu sem hluti af samstarfi Markaðsstofa landshlutanna um samvinnu við erlenda markaðssetningu á Íslandi sem áfangastað. Íslandsstofa og Markaðsstofurnar hafa unnið náið saman um árabíl en með samningnum var samstarfið formgert.

Árangursmat deildar

- 1= verkþáttur ekki unninn
- 2= verkþáttur hófst, tókst að einhverju leiti eða var frestað til næsta árs
- 3= verkþáttur/verkefni vannst að hluta - verkefni breyttist eða var sameinað öðru
- 4= verkþáttur/verkefni vannst að mestu leiti
- 5= verkþáttur/verkefni vannst að fullu

Markaðsstofa / áfangastaðastofa	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Áfangastaðaáætlun Vestfjarða	Endurnýjuð aðgerðaáætlun gefin út og kynnt						Samþykktarferli tók mun lengri tíma en áætlað var
Blaðamannaferðir	Blaðamannferðir farnar						Engin hópblaðamannaferð var farin útaf covid en farið var í nokkrar einstaklingsferðir sem og áhrifavaldahópferð
	Umfjallanir í fjölmiðlum						Lonely Planet umfjöllun, Vestfjarðaleiðin, Hjólaverkefni, Diskótek
Heimsóknir til fyrirtækja	Að minnsta kosti 40 fyrirtæki heimsótt						Heimsótt voru um 20-30 fyrirtæki en vegna Covid var ekki farið í ákveðna heimsóknarferð

Markaðsstofa / áfangastaðstofa	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Vestfjarðaleiðin	A.m.k 30 fyrirtæki taka þátt í vinnustofum.						Vinnustofunni var frestað með stuttum fyrirvara vegna Covid
	Gerð markaðsefnis til kynningar á Vestfjarðaleiðinni						Unnið var mikið af kvikmynduðu efni inn í Upplifðu sem nýttist í Vestfjarðaleiðina
	Mörkunarvinna í tengslum við mat og veitingar						Hafið var matvælaverkfni en ekki er komin hafin branding vinna vegna þess
Sýningar	Þátttaka fyrirtækja af svæðinu í sýningum						Mjög fáar sýningar voru haldnar vegna Covid en þó farið á VestNorden og WTM
Mannamót	Sýningin haldin og a.m.k. 15 fyrirtæki af svæðinu taka þátt						Mannamóti var aflýst vegna Covid
Vestfjarðakort	Útgáfa korts						Gefið út nýtt Vestfjarðakort með áherslu á Vestfjarðaleiðina
	Dreifing korts						Gekk vel og var dreift um allt land
	Fjöldi auglýsenda – tekjur af korti						Tekjur af korti greiddu fyrir meirihluta kostnaðar
Samfélagsmiðlar og blogg	Fylgjendur á samfélagsmiðlum						Aukning hefur verið í fylgjendum á öllum miðlum
	Fjöldi færsla á miðlum						Reglulegar færslur voru á öllum miðlum
	Stærri myndasafn						Keyptar inn sumarmyndir vegna áherslu á Íslandsmarkað
Haustráðstefna MAS	Haustráðstefna haldin						Haustráðstefnunni var frestað vegna Covid
	Þátttaka frá Vestfjörðum						Haustráðstefnunni var frestað vegna Covid
Heimasíða og fréttabréf	Að minnsta kosti ó fréttabréf send út						Sendum fjögur fréttabréf MV
	Ný heimasíða sett í loftið						
Markaðssetning fyrir innanlandsmarkað	Sumarherferð í samstarfi við fyrirtæki á svæðinu sett í loftið						Keyrðu kjálkann
Samstarf um miðlun hlaupa- göngu- og hjólaleiða	Komið upp "kerfi" til að miðla leiðum á svæðinu í samstarfi við aðra aðila m.a. Ferðamálastofu						Verið er að vinna kerfi innan Ferðamálastofu og hefur verið bið eftir niðurstöðu í því verkefni
Samstarf við veitingaaðila	Samstarf við a.m.k 10 veitingaaðila á Vestfjörðum						
	Skapaður verði vettvangur samstarfs milli veitingaaðila og framleiðenda matvæla						Aðstoðuðum fyrirtæki við að koma á "lókall markaði", jafnframt var aðstoð við markað á Dynjanda sem þurfti að aflýsa

Markaðsstofa / áfangastaðastofa	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Samstarf stoðkerfis og atvinnulífs	Nýjir samningar um fjármögnun starfsemi Áfangastaðastofu						
	Faghópur ferðþjónustu fundar reglulega						Reglulegir fundir en mættu vera oft
	Ársfundur aðila MV haldinn						Frestað með stuttum fyrirvara vegna Covid
	Ferðþjónustudagur haldinn						Frestað með stuttum fyrirvara vegna Covid
	Morgunfundir ferðþjóna haldnir á öllum svæðum						
	Kynning á áfangastaðastofu						Áfangastaðastofur hafa verið kynntar á fjarfundum en nauðsynlegt er að gera enn meira

Veitingastaðir og kaffihús

Unnið var verefni tengt Vestfjarðaleiðinni sem gekk út á að efla veitingastaði á svæðinu. Matreiðslumeistarinn Hinrik Carl Ellertsson var fenginn til að vinna með veitingastöðunum og aðstoða við að finna og vinna með sérstöðu hvers staðar og leita lausna við áskorunum hvers og eins. Unnið var með árstíðabundna hugmyndafræði, hráefni úr nærumhverfi og sjálfbærni í rekstri veitingastaða.

Vestfjarðaleiðin - ferðamannaleið

Ferðapjónustan á Vestfjörðum hefur talað fyrir því að Vestfjarðahringurinn, sem verður til við gerð Dýrafjarðarganga og endurbyggingu vegar yfir Dynjandisheiði og Bíldudalsafleggara verði skilgreindur sem ferðamannaleið.

Ferðamannaleiðin hefur fengið nafnið Vestfjarðaleiðin og er með henni verið að skapa nýtt aðdráttarafl fyrir Vestfirði og Ísland sem byggir á upplifun og afþreyingu. Með Vestfjarðaleiðinni er ekki eingöngu skapaður vettvangur fyrir hefðbundin ferðapjónustufyrirtæki að koma sinni afurð á framfæri, heldur tengist Vestfjarðaleiðin hvers konar upplifun á mat, menningu, náttúru og mannlífi svæðisins.

Vestfjarðaleiðin opnaði samhliða Dýrafjarðargöngum í október. Þróun og uppbygging leiðarinnar heldur áfram þrátt fyrir mikla óvissu í íslenski ferðapjónustu sem að sjálfsögðu á ekki síður við vestfirsku ferðapjónustu.

Vestfjarðaleiðin hjóluð í beinni

Í september 2021 hjólaði hópur undir forystu áhrifavaldsins, ljósmyndarans, hjólréiðamannsins og útivistarmannsins Chris Burkhard Vestfjarðaleiðina. Vestfjarðastofa stóð fyrir ferðinni með ferðapjónum á Vestfjörðum. Birna Jónasdóttir verkefnisstjóri Vestfjarðaleiðarinnar fylgdi hópnunum eftir ásamt ljósmyndaranum Þrání Kolbeinssyni.

Á meðan á ferðinni stóð var hægt að fylgjast með ferðinni á miðlum Visit Westfjords auk þess var spjallað við hópinn eftir hvern dag um hápunkta dagsins á podcastinu „The Adventure Stache“.

Umfjöllun sem þessi skiptir miklu máli fyrir þróunarverkfni eins og Vestfjarðaleiðina þar sem Chris hefur meira en 3,6 milljón fylgjendur á Instagram. Myndefni og miðlun frá þessari ferð mun að auki nýtast í markaðssetningu fyrir Vestfjarðaleiðina og þar með alla Vestfirði.

Vestfjarðaleiðin á Instagram

Í mars 2021 tóku Vestfirðir og Vestfjarðaleiðin yfir Instagram reikning Íslandstofu með aðstoð ljósmyndarans Benjamin Hardman. Benjamin ferðaðist um Vestfjarðaleiðina og tók myndi rog sagði sögur í tengslum við Vestfirði. Myndefnið frá Vestfjarðaleiðinni náði til um 500.000 einstaklinga á meðan á yfirtökunni stóð.

